



## Fundargerð

341. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps  
mánudaginn 23. júlí 2012, kl. 19:30

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Gústaf Jökull Ólafsson (GJO), Sveinn Ragnarsson (SR) og Björn Samúelsson (BS) og Vilberg Þráinsson (VP) í forföllum Eiríks Kristjánssonar og Eggerts Ólafssonar. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er tvær blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og leitaði afbrigða að taka eitt mál undir liðnum önnur mál, var það samþykkt.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. 1207008 – Vestfjarðarvegur – Bjarkalundur - Melanes

Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun vegna vegagerðar á Vestfjarðarvegi 60 Bjarkalundur – Melanes, sent frá Vegagerðinni 6. júlí 2012.

*Hreppsnefnd lýsir undrun sinni á því að leið B sé ekki inni í drögum að mati að umhverfisáhrifum, þar sem sú leið er á aðalskipulagi Reykhólahrepps og sveitarfélög landsins fara með skipulagsvaldið skv. lögum frá Alþingi Íslands.*

*Hreppsnefnd Reykhólahrepps krefst þess jafnframt að leið A1 verði tekin til greina og til mats á umhverfisáhrifum til samanburðar við leið I. Við hönnun brúar á leið A1 verði athugaður möguleiki á samstarfi við Vesturorku um sjávarfallavirkjun. Á samráðsfundum með innanríkisráðherra haustið 2011 voru skilaboðin þau að skoða ætti alla kosti á láglendi og sér sveitarstjórn ekki að það sé uppfyllt nema að tekið verði tillit til ofangreindra athugasemda.*

#### 2. 1207009 – Fulltrúar í Breiðafjarðarnefnd.

Ósk um tilnefningu á aðalfulltrúa og varafulltrúa í Breiðafjarðarnefnd, erindi frá Umhverfissráðuneytinu til Héraðsnefndar Barðstrendinga dagsett 24. maí 2012, afrit barst Reykhólahreppi 16. júlí 2012.

*Hreppsnefnd Reykhólahrepps tilnefnir Eirík Snæbjörnsson sem aðalmann og Eirík Kristjánsson sem varamann í Breiðafjarðarnefnd.*

#### 3. 1205022 – Umsókn um byggingalóð á svæði merktu V3 á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018.

Erindi frá Ísland, hvar er þín fornaldar frægð ehf. dagsett 19. júlí 2012.

*Hreppsnefnd Reykhólahrepps tilnefnir tvo fulltrúa Gústaf Jökul Ólafsson og Svein Ragnarsson til að eiga samskipti við aðila og vinna að uppbyggingu á reit V3 á aðalskipulagi Reykhólahrepps og aðliggjandi svæði.*

**Önnur mál (ef einhver):** Löglega upp borin.

**4. 1207010 – Hönnun smábátahafnar í Flatey.**

Erindi frá Birni Samúelssyni og Heimi Sigurðssyni dagsett 23. júlí 2012, þar sem farið er fram á leyfi Reykhólahrepps og samþykki til þess að vinna að uppbyggingu á smáhöfninni í Flatey.

*Hreppsnefnd tilnefnir formann skipulags- bygginga- og hafnarnefndar til að vinna með aðilum að málefnum hafnarinnar í umboði hreppsnefndar. Stefnt er að því að aðilar gangi á fund fjármálaráðherra vegna málsins.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 22:30**

_____	_____
_____	_____
_____	_____